



Snorri Wium stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík. Að því loknu hélt hann til náms í Vínarborg og lauk diplom-prófi frá tónlistarháskólanum þar árið 1992. Snorri var fastráðinn sem einsöngvari við óperuna í Coburg í Þýskalandi á árunum 1992-1996. Hann hefur starfað við fjölda óperuhúsa í Austurríki og Þýskalandi, ýmist sem gestur eða fastráðinn söngvari. Þá hefur hann tekið þátt í fjölmörgum óperuuppfærslum í Íslensku óperunni og Þjóðleikhúsinu.